

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Garðabæ, 27. apríl 2021
Mál nr. 2003058

Hækkun húsaleigu

Húsaleigusamningar íbúa á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ munu í nóvember 2021 taka breytingum til samræmis við 5. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 en þar segir að húsaleigusamningur skuli gerður um afnotin þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði og að fjárhæð leigu skuli ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Fjárhæð húsaleigu á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ hefur staðið óbreytt frá árinu 2012, en hefur nú sætt endurskoðun.

Samhliða þessu þarf að gera nýja húsaleigusamninga í samræmi við reglur Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnæði nr. 941/2020, reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 og húsaleigulög nr. 36/1994 og tryggja að húsaleigusamningar séu við Garðabæ en ekki Fjársýslu ríkisins líkt og núverandi húsaleigusamningar eru.

Garðabær notar eftirfarandi reiknireglu til að ákvarða fjárhæð húsaleigu¹:

1. Stærð herbergis eða íbúðar sem íbúi hefur til afnota.
2. Heildarstærð húsnæðis að frádregnu rými sem eingöngu er ætlað starfsmönnum og að frádregnu því rými sem íbúar hafa til einkaafnota, í hlutfalli við samanlagðan fjölda íbúa og starfsmanna hverju sinni.
3. Fermetrafjöldi einkarýmis er lagður saman við fermetrafjölda afnotarýmis einstaklings í sameign og margfaldað með fermetraverði á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ.
4. Frá og með 1. janúar 2021 er verð á fermetra á heimilum fatlaðs fólks kr. 1.600.

Í núgildandi húsaleigusamningi kemur fram að húsaleiga skuli endurskoðuð í janúar ár hvert og mun hún taka breytingum með vísan til þess sem áður greinir. Þó hefur verið ákveðið að breyting þessi taki ekki gildi fyrr en **1. nóvember 2021**. Húsaleiga mun eftir það fylgja vísitölu neysluverðs, sem 1. apríl 2021 er 499,3.

Miðað við 1. apríl 2021 er útreiknuð húsaleiga hjá þér XX kr. Miðað við áætlaðan reikning húsaleigubóta hjá þér verður kostnaður þinn vegna húsaleigunnar XX kr. (húsaleiga að frádregnum húsnæðisbótum). Athugaðu að gera má ráð fyrir að leigukostnaður og leiguverð muni breytast lítillega þegar breytingin tekur gildi 1. nóvember vegna breytinga á vísitölu.

¹ Sjá 5. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.

Fyrir hönd fjölskyldusviðs Garðabæjar,

Snædís Björnsdóttir
Verkefnastjóri félagslegs leiguhúsnæðis

Hildigunnur Árnadóttir
yfirlýðingaráðgjafi Garðabæjar

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026